

## HEYSÝNATAKA – EFNAMÆLINGAR – FÓÐURRÁÐGJÖF

Til að auka þjónustu við kúabændur hefur Bústólpi ákveðið að veita í annað sinn sínum viðskiptavinum fría þjónustu við töku heysýna, efnamælingar á þeim og fódurráðgjöf. Munu sérfræðingar RML áfram annast verkefnið fyrir okkar hönd. Við aukum þjónustuna í ár með eftirfylgni heimsókn ráðgjafa RML.



RML og Bústólpi hafa endurnýjað samkomulag sitt um gerð fóduráætlana í haust og ráðgjöf til bænda. Með samkomulaginu hyggst Bústólpi bjóða áfram sínum tryggðu fódurkaupendum uppá fría grunnþjónustu við fóduráætlanagerð sem felst í töku heysýna, efnagreiningu og gerð grunnfóduráætlunar. Fódurráðgjafar RML munu annast alla framkvæmdina frá töku sýna til fóduráætlunar og verða þannig í beinum samskiptum við bændurna, eftir að Bústólpi hefur gefið upp hverjir eiga að njóta þjónustunnar sem verður á kostnað Bústólpa.

Til að hámarka afurðir og lágmarka um leið kostnað við fódrun er mikilvægt að bændur þekki sitt gróffóður vel, en fái um leið faglega ráðgjöf um fódrunina og aðstoð við val á kjarnfóðri sem hentar með. Ástæða þess að við sækjumst eftir þessu samstarfi við RML er að þar er að finna víðtæka þekkingu á fódrun íslenskra gripa og með samstarfinu stuðlum við einnig að því að efla þá þjónustu sem bændurnir sjálfir eiga og reka. Þetta er í grunnin þjónusta sem er afar mikilvægt að bændur sameinist um að nýta og tryggji þannig um leið sem best aðgengi að hlutlausri og faglegri ráðgjöf.

Við munum að sjálfsögðu leiðbeina okkar bændum áfram eins og áður ef leitað er til okkar beint, en með þessum vinnubrögðum og samkomulagi við RML teljum við að við séum að auka og bæta þjónustuna við okkar bændur.

### **Pantaðu sýnatöku hjá okkur fyrir 1. september**

Hafir þú áhuga á að fá slíka fría þjónustu frá okkur leggur þú inn pöntun fyrir 1. september á netfangið [hanna@bustolpi.is](mailto:hanna@bustolpi.is) eða hringir í síma 460 3350

Nánari upplýsingar, á meðfylgjandi upplýsingablaði

Bestu kveðjur

Starfsfólk Bústólpa



# HEYSÝNATAKA – EFNAMÆLINGAR – FÓÐURRÁÐGJÖF

## Nánari upplýsingar um þjónustuna

Hér er að finna nánari upplýsingar um framkvæmdina og hvað felst í þjónustunni.

### Heysýnataka

Sýnatökuna ber að panta hjá okkur fyrir 1. september, þannig að RML eigi auðvelt með að skipuleggja verkefnið og geti farið á fleiri samliggjandi bæi í hverri ferð.

Gert er ráð fyrir að tekið sé eitt sýni sem fer til efnagreiningar.

Ráðgjafar RML munu hafa samband áður en þeir koma í sýnatökuna.

### Efnagreining

Efnagreining sýnisins fer fram erlendis hjá BLGG og er um ítarlega greiningu að ræða þar sem mæld eru 10 steinefni og full NIR greining á innihaldsefnum. Gerjunarafurðir eru einnig mældar.

### Fóðurráðgjöf

Þegar niðurstöður efnagreiningar liggja fyrir gera sérfræðingar RML grunn fóðuráætlun fyrir viðkomandi bónda og fylgja henni eftir með ráðleggingum m.a. um val á kjarnfóðri. Kúahópnum er þá skipt upp í nythópa með fóðuráætlun fyrir hvern hóp.

Gert er ráð fyrir að allt að 4 tíma vinna sérfræðings RML liggi að baki ráðgjöfinni.

### Eftirfylgni

Ráðgjafi RML munu fylgja ráðgjöfinni eftir með símtali til viðskiptavinar c.a. 2 vikum eftir að fóðuráætlun hefur verið send til viðskiptavinar. Ráðgjafar RML munu einnig heimsækja viðskiptavin eftir samkomulagi. Heimsóknin er áætluð 1 klst.

Óski bændur eftir fleiri heysýnum eða frekari vinnu við fóðuráætlanagerð t.d. ef miklar breytingar verða á grófóðurgjöf á miðjum vetri geta menn keypt þá viðbótarþjónustu beint af RML.